

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar.*

Breytingin er gerð til að koma til móts við byggingaráform á svæðinu og nær breytingin til austurhluta Klappahrauns (götu A) þ.e. lóða nr. 7, 9, 11, 12, 14 og 16. Dýpt lóða verður óbreytt en öll önnur lóðamörk breytast. Byggingarskilmálar eru óbreyttir að öllu leyti og gildir áfram svigrúm um útfærslu lóða og fjölda íbúða á hverri raðhúsalóð. Nýtingarhlutfall lóða er óbreytt og miðast við húsgerð. Með breytingunni fjölgar íbúðum á þessum lóðum úr 15 í 17.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi hálendismiðstöðvar í Drekgili.*

Breytingin felst í því að skilgreind er ný lóð fyrir aðstöðuhús á tjaldsvæði. Húsið verður hluti núverandi húsaþyrpingar.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Mývatnssveit, 15. febrúar 2019.*

F.h. Skútustaðahrepps,

**Guðjón Vésteinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. febrúar 2019